

Um tíma var Rósa í slagtogi með Lækjamóts-Jóni, sem svo var nefndur. Hann átti til efnafólks að telja og þótti lífa hátt á meðan föðurarfur hans var að étast upp; var talinn drykkfelldur og fjöllyndur orðhákur. Við húsvitjanir er Rósa sögð Jóni áhangandi. Þau hokra á ýmsum jörðum, Lækjamóti, Jörva og eru meira að segja í vist hjá Ólafi bónda á Vatnsenda, sem þá var ennþá löglegur eiginmaður Rósu. Í kirkjubók fær Rósa lakari einkunn en áður, er talin lauslynd. Jón er talinn sémilega bóklæs, en „flosalegur“, hvað sem það merkir. Líklega unni Rósa Jóni aldrei og samband þeirra rann út í sandinn. Jón varð úti á þorranum 1846 og fundust bein hans ekki fyrr en löngu síðar.

NÝR EIGINMAÐUR – ÓLAFSVÍK OG HAFNARFJÖRÐUR

Ólafur bóndi á Vatnsenda kvæntist aftur ungri stúlku þegar búið var að ganga formlega frá skilnaði hans við Rósu. Síðast hefur hún að líkindum komið á þetta gamla heimili sitt þegar hún líknaði konu Ólafs við barnsburð. En það segir sína sögu um töfrandi persónuleika Rósu, að næst fellur fyrir henni maður sem var nærri 20 árum yngri, Gísli Gíslason, prestsonur frá Vesturhópshólum, stórættaður, gáfaður efnismaður, dóttursonur Vigfúsar Þórarínssonar sýslumanns á Hlíðarenda. Gísli hefði eftir venju átt að ganga menntavegin og verða sýslumaður eða prestur, en kaus þess í stað að gerast fyrirvinna Rósu. Þau hefja búhokur í Gottorp; eru þar 1836 en tveimur árum síðar eru þau flutt með sitt fátæklega hafurtask allar götur vestur undir Jökul; nánar tiltekið til Ólafsvíkur. Með í för er Rósant Berthold.

Rósa er liðlega fertug og enn er hún sem fyrr „glæsileg ásýndum, glæðbeitt og fjörmikil og fljót til ásta“, segir Guðrún P. Helgadóttir. Gísli unni henni mjög; um hug hennar er minna vitað; engar vísur vitna þar um. Til eru aðeins klúrar vísur sem sagt er að þau Rósa og Gísli hafi kveðið hvort til annars, en fremur er ólíklegt að Rósa eigi nokkuð í þeim; hún var ekki gefin fyrir klám. Í nóvember 1840 eru þau þússuð saman og heimili þeirra er í Markúsarbúð; Rósa er þá 44 ára.

Í margmenninu á mölinni í Ólafsvík fer minni sögum af Rósu en áður. Gísli stundaði sjóinn á vetrum en kaupavinnu á sumrin; Rósa gat sér eins og áður gott orð sem yfirsetukona. Vaxandi drykkjuskapur Gísla varð til þess að hallaði undan fæti hjá þeim og er sagt að Gísli hafi ekki verið hollur félagsskapurinn við Sigurð Breiðfjörð skáld, sem var nágranni þeirra.

Á Ólafsvíkurárunum tókst Rósa á hendur langt ferðalag austur í Biskupstungur. Sigríður dóttir hennar hafði giftst Þórði Jörundssyni bónda á Laug. Til er vel þekkt teikning af Sigríði með skothúfu og í sparifötunum eftir enskan teiknara úr Íslandsleiðangri Mayers. Hún þótti glæsileg stúlka, lík móður sinni og hneigðari til bóklestrar en Þórði bónda hennar þótti við hæfi.

Rósa þóttist sjá af vísu sem Sigríður sendi henni að hún væri óhamingjusöm. Þá hafði Rósa engar vöflur á; hefur fengið lánaða hesta hjá einhverjum góðum manni og farið með tvo til reiðar og verið marga daga á leiðinni. En Sigríði hafði hún heim með sér.

Þegar vinur þeirra hjóna, Magnús Ásgeirsson verzlunarstjóri í Ólafsvík, flutti til Hafnarfjarðar, fluttu þau Gísli og Rósa með honum og hugðust geta búið og starfað í skjóli hans syðra. En Magnús féll frá innan skamms. Þau settu sig niður í Hraununum, sunnan við Straumsvík, og síðan fluttu þau í þurrabúðina Óseyri við Hafnarfjörð. Þar var síðasta lögheimili Rósu. Á Óseyri hefur án efa verið þröngt í búi; dæturnar Pálína og Sigríður skildar við eiginmenn sína og bjuggu þar í skjóli Rósu. Eftir Guðlaugu, konu Þórðar bónda á Óseyri, var haft, „að eigi hafi hún kynnst konu, er henni þótti meira til koma en Rósu fyrir flestra hluta sakir.“

Lífshjörgin var ekki auðsött og lítið um vinnu fyrir þurrabúðarfólk í Firðinum. Rósa og Gísli réðu sig í kaupavinnu norður í Húnavatnssýslu sumarið 1855, þó ekki á sama bænn. Síðast á því ári hefði Rósa orðið sextug; nú var tekið að halla undan fæti. Það var lúin kona sem lagði af stað heimleiðis um haustið, fótgangandi. Afraктurinn eftir sumarið hefur ugglaust ekki orðið til að auka henni bjartsýni. En þarna var klippt á þráðinn; út úr Húnavatnssýslunni þar sem hún hafði elskað og þjáðst hvað mest, átti hún ekki að komast lifandi. Hún baðst gistingar á Stóra-Núpi í Miðfirði, en veiktist um nóttina. Þar lézt þessi eftirminnilega skáldkona og í kirkjugarðinum þar er hún jarðsett.



„EFTIRSÓTTASTA“ málverk bandarísku þjóðarinnar lítur þannig út samkvæmt skoðanakönnun. Blái liturinn þykir fallegastur og George Washington (fyrsti forseti Bandaríkjana) má gjarnan vera einhverstaðar á rölti eins og hann er þarna. Fólk má hinsvegar ekki vera of fyrirferðarmikið í myndinni.

Málað eftir tölum:

Leitin að list fólksins

Öfugt við flesta kollega sína standa Komar og Melamid gallharðir á því að listin eigi að ná til fjöldans og virkja hann til þátttöku. Almennitur veit lítil sem engin deili á helstu fulltrúum nútímalistar (með vissum frávikum

þó): 85 prósent íslensku þjóðarinnar þekkir ekki Jackson Pollock, samkvæmt skoðanakönnun Hagvangs, og 72 prósent aðspurðra höfðu aldrei heyrt á Þórarinn B. Þorláksson minnst, einn helsta brautryðjanda okkar. Aftur á móti vissu 98 prósent hver Erró er – 2 prósent fleiri en þekka Kjarval!

Niðurstaðan, sem í sjálfu sér kemur ekki á óvart, er sú að almennitur kærir sig yfirleitt kollóttan um myndlist. Og það áhugalessi virðist fara vaxandi eftir því sem hún verður „núttímalegri“. Samtímalistin kemur með öðrum orðum nánast ekki öðrum við en þeim sem tengjast henni beint eða óbeint með einhverjum hætti. Og skipti hún almennitur hérumbil engu máli getur hún tæplega verið mikilvæg fyrir þjóðarbúskapinn á líðandi stund.

Sem yfirlýstir marxistar (að vísu vel efnum búnir) líta Komar og Melamid á það sem heilaga skyldu að koma til móts við listrænar kröfur fólksins. Til að þjóna sínum raunverulega yfirboðara, smekk fjöldans, fengu þeir því nafnkennt bandarískt vettvangskönnunar-fyrirtæki, Marttila & Kiley, til að gera ítarlega úttekt á viðhorfi almennings til myndlistar, og í framhaldi af því máluðu þeir tvö málverk: Eftirsóttasta og Síst eftirsóttá málverk bandarísku þjóðarinnar. Afraктurinn sýndu þeir svo í Alternative-safninu í New York 1994 ásamt átta línurítum (eins konar stafrænu afbrigði af ameríska Color Field-málverkinu), einu kökuríti og einu stöplaríti í líki naumhyggjuskúlpútra sem drógu fram ýmsar tölfræðilegar breytur eins og menntun á móti uppáhaldslit, tekjur á móti viðfangs-efni o.s.frv.

Eftirsóttasta málverk bandarísku þjóðarinnar, meðalstór stofumynd í anda Hudson River-skólans af Georg Washington, þremur sumarklæddum orlofsþegum og tveimur dádýrum við lognstíllt stöðuvatn, á að innihalda alla þá sjónrænu þætti er falla innlendum að jafnaði mest í geð. Síst eftirsóttá málverk bandarísku þjóðarinnar sýnir hins vegar hrjúfa, skræpotta þríhyrninga í ruglingslegri skipan.

Stuttu síðar létu Komar og Melamid framkvæma svipaða könnun í Rússlandi. Útkoman

er sláandi keimlök, nema í stað hins galvaska Georg Washingtons í sínum 18. aldar skrúða, hittum við fyrir Krist þar sem hann situr í þungum þönkum undir voldugu grenitré. Raunsæisleg túlkun og heidrík náttúrustemning einkennir bæði eftirlætismálverk þjóðanna, og í báðum tilvikum ræður blái litaskalinn ríkjum. Eini munurinn á síst eftirsóttu málverkunum virðist á hinn bóginn vera stærðin, það bandaríska er minna.

En Komar og Melamid létu ekki þar við sitja. Svipaðar skoðanakönnunir hafa þegar verið gerðar í einum 12 þjóðlöndum (Þýskalandi, Finnlandi, Danmörku, Frakklandi, Tyrklandi, Svíþjóð, Keníu, Skotlandi og Úkraínu) en Ísland var með þeim fyrstu í röðinni þótt árangurinn sé fyrst að birtast núna. Og innan tíðar verður leikurinn endurtekinn á Indlandi og í Kína sem hingað til hefur sloppið við skoðanakönnunir. Þannig ætla þeir að halda áfram koll af kolli næstu tvö árin uns þeir telja sig hafa nægilegar upplýsingar til að mála – þú átt kollgátuna

– Eftirsóttasta málverk í heimi.

„VILTU SJÁ LITINA BLANDAST?“

Hagvanskönnunin, sem löguð var að hér- lendum kringustæðum, náði til eitt þúsund Íslendinga um allt land á aldrinum 18 til 67 ára og stóð hún yfir í samtals 238 klukkustundir. Viðmælendur voru beðnir um að svara 49 valspurningum sem snerust meðal annars um vörukaup, tekjur, menntun, pólitískar skoðanir, listaverkæign, þekkingu á listamönnum og hversu oft fólk heimsæki listasöfn. Flestar spurninganna beindust þó að fagurfræðilegum atriðum á borð við stíl, lit, pensiláferð, formgerð, viðfangsefni og stærð. Dæmi: „Hvort finnst þér meira gaman af þungum og kröftugum formum eða léttum og leikandi?“ „Viltu sjá litina blandast eða viltu að ólíkum litum sé haldið sem mest aðgreindum?“

Útkoman er álíka kostuleg og sjálf könnunin. Blár (með 31% fylgi) er vinsælasti liturinn í málverki, því næst grænn (20%) og svo rauður (14%). Myndir af útíttvangi (80%) eiga mun meira fylgi að fagna en lýsingar á inníttvangi (4%). Meira en helmingur svaraenda (53%) kys raunsæisleg málverk sem líkjast ljósmynd fremur en algjörlega óhlutbundinn tjáningarstíl (20%), og 59 af hundraði finnst ákjósanlegt að raunveruleikinn sé ýktur. Langflestir álfta að myndlist þurfi ekki endilega að miðla einhverjum boðskap (69%),

Eftir HANNES SIGURDSSON